

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við vinstri beygjum af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut hefur verið afnumið.
2. Einstefnuakstur verður frá og með 5. apríl n. k. í Naustunum til suðurs frá Tryggvagötu að Hafnarstræti.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. marz 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1973.

Nr. 113.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: Vatnsgjald allt að kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða

tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanm.)	Heimæðagjald
400— 2 000 m ³ =	14 400.00 kr. f. 400 m ³ 11.50 kr./m ³ þar yfir
2 000— 6 000 m ³ =	32 800.00 kr. f. 2 000 m ³ 9.80 kr./m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³ =	72 000.00 kr. f. 6 000 m ³ 8.60 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³ =	106 400.00 kr. f. 10 000 m ³ 7.40 kr./m ³ þar yfir

7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1973. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 300.00 í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem er samín og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 30. maí 1972 nr. 132/1972.

Iðnaðarráðuneytið, 3. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.